

## **Aðalfundur foreldrafélags Álftanesskóla**

### **4. október 2006**

- Setning
- Dagskrá aðalfundar
- Kosning embættismanna fundarins, fundatrjóra og fundarritara
- Formaður flytur skýrslu stjórnar
- Gjaldkeri gerir grein fyrir ársreikning
- Umræður um skýrslur stjórnar og gjaldkera
- Lagabreytingar
- Kosning stjórnar og skoðunarmanna
- Kosning fulltrúa í foreldraráð
- Önnur mál
- Kaffiveitingar í umsjá 10. bekkinga
- Sr. Hans Guðberg kynnir verkefnið “Vinaleið”
- Unnur Björk – kynnir starfsemi félagsmiðstöðvarinnar

#### **Dagskrá fundar**

Heiðar fór yfir dagskrá fundar

#### **Kosning embættismanna fundarins, fundatrjóra og fundarritara**

Áður en formlegur fundur hófst samþykkti fundurinn Hreiðar Karlsson sem fundarstjóra og Ragnheiði Friðriksdóttur fundarritara.

#### **Setning**

Fundur settur

#### **Formaður flytur skýrslu aðalstjórnar**

Guðrún Hanna Hilmarsdóttir formaður bauð fundargesti velkomna og flutti skýrslu stjórnar (sjá meðfylgjandi skýrslu).

#### **Gjaldkeri leggur fram reikninga félagsins**

Þyri Þorseinsdóttir gjaldkeri lagði fram reikninga félagsins og gerði grein fyrir þeim. Engar athugasemdir voru gerðar við rekstrareikning. (sjá meðfylgjandi skýrslu).

#### **Umræður um skýrslur stjórnar og gjaldkera**

Fundargestir gerðu engar athugasemdir við skýrslu formanns né rekstrareikninga gjaldkera. Fundargestir ánægðir með útkomuna.

#### **Lagabreytingar**

Engar lagabreytignar voru gerðar á fundinum.

### **Kosning stjórnar og skoðunarmanna**

Þá var röðin komin að kosningu stjórnar. Eftirfarandi aðilar gáfu ekki kost á sér í áframhaldandi stjórn foreldrafélags Álftanesskóla:

- Þyrí Þorsteinsdóttir, Gissur Pálsson, Ingibjörg Sigurðardóttir og Hreiðar Karlsson

Eftirfarandi aðilar gáfu áfram kost á sér í stjórn foreldrafélags Álftanesskóla:

- Guðrún Hanna Hilmarsdóttir, Ragnheiður Friðriksdóttir og Andrés H. Hreinsson kusu að sitja áfram í stjórn

### **Kosning fulltrúa í foreldraráð**

Fundarstjóri lagði til að einhverjir fundargesta biðu sig fram í stórn foreldrafélags. Tóku fundargestir vel í það og því tók ekki langan tíma í að fylla í þau störf sem fylla þurfti. Eftirfarandi eru nöfn þeirra nýju meðstjórnenda sem gáfu kost á sér í foreldrafélagið á Álftanesi:

- Ingrid Kuhlman fyrir 7. bekk, Ásdís Ásgeirsdóttir fyrir í 1. bekk, Margrét Ólafsdóttir fyrir 10. bekk og Guðmundur Egilsson fyrir 8. bekk

### **Önnur mál**

Sveinbjörn tók til máls og ræddi meðal annars mótuneytismál, niðurgreiðslur og verð á matnum. Öll börnin eiga rétt á að fá góða og næringaríkar máltíðir og skammtarnir eru veglegir.

Mötuneytið er tölvuvætt þannig að þegar börnin eru skráð í kerfið þá eru færðar inn upplýsingar um ef viðkomandi er með óþol fyrir mjólkurafuruðum, fiski o.þ.h.

Fundagestir tóku undir það að mótuneytismál skólans væru komin í mjög góð mál og almenn ánægja ríkti hjá þeim sem nýttu sér þessa þjónustu.

Foreldraröltið var rætt og voru fundargestir sammála því að gera þyrfti plan fyrir slíkt framtak hér í þessum bæ. Brýnt sé að tryggja öryggi barna okkar ekki síst þegar unglingastarf skólans sé nú í fyrsta skipti með 10. bekk. Telur fólk því að það sé mjög brýnt að ganga í það verk sem allra fyrst.

Sveinbjörn talaði um að enn eina ferðina væri skólastarfið búið að sprengja utan af sér skólabyggingarnar. Því þyrfti að fara í enn eitt stóra verkefnið og reyna leysa þau mál fyrir fullt og allt. Sveinbjörn sagði að nú væri búið að stofna stýrihóp sem ynni að því verkefni að stækka skólann enn frekar og það eru Ólafur Proppe og Margrét Jónsdóttir sem ynnu að því verkefni. Foreldrafélagið þarf að tilnefna 1 til 2 fulltrúa til að vinna í þessum stýrihóp. Talaði hann um að það færi einhver tími í að vinna þetta verkefni með nefndinni eða þrjú skipti og alls 18 tímar í það heila. Þessi vinna er ólaunuð.

Stjórn sveitafélagsins hvetur fólk til að taka höndum saman og vinna að fullu krafti til að koma byggingamálum skólans í ákveðið ferli.

Sveinbjörn talaði um að búið væri að tryggja kaup á nokkrum skólastofum/húsum til að setja á skólalóðina.

Fundargestur talaði um lýsingu í kringum skólann að hún væri mjög svo léleg. Sveinbjörn tók undir það að það þyrfti að lagfæra það. Sveinbjörn mynni fólk einnig á þær hættur sem mynduðust í kringum skóla þegar foreldrar væru að keyra börnin í skólann. Það væri nú ekki nauðsynlegt að keyra börnin alveg upp að dyrum skólans. Oft skapaðist hættu á ferðum þegar fólk væri að blokkera aðgang gangandi barna, með því að vera bakka bílum í veg fyrir þau. Þetta væri algjörlega óviðunandi.

Ganga þarf frá skólalóðinni og bæta lýsingu í kring um skólann. Verið er að lagfæra þessa hluti

Nú í vetur verðu gangastígvörður sem aðstoðar börnin við að ganga yfir götuna úr og í skóla

### **Kaffi í boði 10. bekkjar**

10. bekkingar buðu fundargestum upp á kaffi og nýbakaðar vöflur með rjóma. Fundargestir þökkðu krökkunum fyrir gómsætar veitingar.

### **Sr. Hans Guðberg**

Sr. Hans Guðberg fór í gegnum það starf sem hann kemur til með að sinna í skólanum. Þar verkefnið nafnið “Vinaleið” og er í raun kærleikspjónusta í skólanum. Hann byrjaði á því að hvetja okkur foreldrana til að virkja foreldraröltið, það væri mjög mikilvægt fyrir börnin okkar.

- Kærleikspjónusta í skólum
- markmið vinaleiðarinnar er m.a. að eiga samfylgd með öðrum einstaklingi og rjúfa einangrun sem erfiðleikar og þjáningar valda
- Vanlíðan og kvíði verða til af margskonar orsökum svo sem vegna stríðni, eineltis, höfnunar, missis eða veikinda hjá nemanda eða aðstandenda hans
- Í þjónustu Sálægsluviðtölin eru stuðningsviðtöl en ekki meðferðarviðtöl
- Góð samvinna
- Nemendur ráða hvort þeir nýti sér þessar vinaleiðir
- Þetta er ekki trúarbrögð
- Góður stuðningur við kennara. Þeir geta leitað eftir stuðningi við að finna lausn á ýmsum málum svo sem að hjálpa nemenda að aðlagast og eignast vini, undirbúa kennara að takast á við alvarleg veikindi, slys og dauðsföll
- Börnin fá miða sem þau taka með sér heim í hvert sinn sem þeir nýta sér þessa vinaleið
- Hans hefur mikla reynslu af vinnu með krökkum í eldri árgangur og mun sú þekking og reynsla nýtast honum vel í þessu starfi

- Símanúmerið hjá Hans Guðberg er 856-1564 [Hans.guðberg@alftanesskoli.is](mailto:Hans.guðberg@alftanesskoli.is)

### **Unnur Björk Félagsmiðstöð**

Kynnti starf félagsmiðstöðvarinnar, starfsmenn og störf þeirra.

- Klúbbastarf – spil, tónlist, strákaklúbbar, stelpuklúbbar, íþróttaklúbbar ofl.
- Reglur félagsmiðstöðvarinnar
- Forvarnarstarfið - Reykingar og áfengi
- Ferðir sem farðar eru reglulegar og hvaða reglur gilda um þær
- Skirteini – Kostnaður við ferðir og þ.h.
- Dagskrá félagsmiðstöðvarinnar er auglýst á heimasíðu [www.alftanesskoli.is](http://www.alftanesskoli.is) og í upp á auglýsinatöflum í skólanum.
- 5. og 6. bekkir eru á plani í félagsmiðstöðinni einu sinni í mánuði.

Unnur Björk sagði - Hvetjum unglinginn þinn til að koma – þú veist þá hvar hann er!

Fundi slitið kl. 22:15